



## ERINDISBRÉF

*Notendaráð um málefni fatlaðs fólks*

### Stjórnskipuleg staða

Notendaráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar um málefni fatlaðs fólks heyrir undir velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu er starfsmaður hópsins og ritar jafnframt fundargerðir hans.

### Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar skipar sex fulltrúa og jafnmarga til vara í notendaráði Sveitarfélagsins Hornafjarðar um málefni fatlaðs fólks samkvæmt þeim tilnefningum sem á eftir greinir:

- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu.

Notendaráð um málefni fatlaðs fólks kýs sér sjálft formann og varaformann. Skipunartími ráðsins fylgir kjörtímabili sveitarstjórnar.

Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast.

Kjörtímabil notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er hið sama og bæjarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi ráðsins sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað

### Hlutverk og verksvið

Hlutverk notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórn um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd hennar og þróun. Notendaráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og stjórnvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk og er þeim og fastanefndum þeirra til ráðgjafar í þeim efnum.

Markmiðið með starfi notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustu sem það varðar, svo og öðrum hagsmunamálum sínum á þjónustusvæðinu.

Meðal verkefna notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er einkum:

- Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld / sveitarstjórn og hlutaðeigandi stofnanir þjónustusvæðisins um hugmyndafræði og stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks.
- Að fylgjast með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga, þó ekki þær sem varða málefni einstaklinga.



- Að koma á framfæri hugmyndum, tillögum og ábendingum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu.
- Veita velferðarráðuneytinu umsögn um þjónustu sem félagasamtök, sjálfeignarstofnanir og aðrir þjónustu- og rekstraraðilar hyggjast veita samkvæmt ákvæðum lagna nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

### Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda og ráða bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar er fjallað í VI. kafla í *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Notendaráð um málefni fatlaðs fólks kemur saman minnst fjórum sinnum á ári, formaður stýrir fundi. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir ráðsmanna óska þess.

Starfsmaður ráðsins sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum, varamönnum og öðrum sem seturétt eiga á fundum ráðsins.

Starfsmaður kemur undirritaðri fundargerð til starfsmanna stjórnarsýslu sem sjá um að fundargerð sé tekin á dagskrá næsta fundar bæjarráðs sveitarfélagsins.

Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi sem starfsmaður ráðsins útbýr.

Ráðsmenn skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar og njóta fræðslu og stuðnings, þ.m.t. túlkabjónustu eftir því sem þörf er á.

### Eftirfylgni

Velferðarnefnd og starfsmaður ráðsins bera ábyrgð á framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi málefni fatlaðs fólks. Formaður og aðrir fulltrúar notendaráðs um málefni fatlaðs fólks skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði ráðsins að framfylgja.

### Réttindi og skyldur ráðsmanna

Um réttindi og skyldur ráðsmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga* og *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*. Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu, þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Um hæfi ráðsmanna í notendaráði gilda ákvæði 19. gr. *sveitarstjórnarlaga* nr. 45/1998. Um hæfi starfsmanna gildir II. kafli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

### Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal notendaráð um málefni fatlaðs fólks taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið þess. Þá skal ráðið fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

*Samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar 14. desember 2023*

*Samþykkt í bæjarráði 23. janúar 2024.*